

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Selfoss, 10. mars 2021
Tilvísun: 1912645

Efni: Beiðni um umsögn vegna sjókvíaeldis Arnarlax hf. í Ísafjarðardjúpi.

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Arnarlax hf. vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Sótt er um 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi og gert er ráð fyrir eldi á frjóum og ófrjóum laxi í samræmi við áhættumat erfablöndunar á hverjum tíma. Fyrirtækið mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur staðsetningum í Ísafjarðardjúpi: Við Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð.

Í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í matsskýrslu Arnarlax hf. sem barst Skipulagsstofnun í ágúst árið 2020 og í álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar sem gefin var út 19.febrúar 2021.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 10. apríl 2021 og einnig á tölvupóstfang: andri@mast.is. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar



Andri Snær Þorsteinsson
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Matsskýrsla Arnarlax.
2. Fylgiskjal 2: Álit Skipulagsstofnunnar.